


Grunnmynd 1.hæð
Mkv. 1:100

## Byggingarlýsing:

**Iðavellir 3 d**
Landnúmer: 208-9456
Staðgreinir: 2000-4-46630030

Iðavellir 3 er steinsteypt iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum, byggt árið 1978. Sá hluti húseignar sem hér um ræðir er í vesturenda byggingarinnar.

Breytingar sem þessar teikningar sýna ná til hluta hússins sem merktur er 3 D. Óskað er eftir því að breyta þeim hluta í gistiheimili sambærilegt því sem búið er að gera í húshluta 3 a,b,f

**UNDIRSTÖÐUR OG BOTNPLATA:**
Undirstöður eru úr járnbentri steinsteypu.

**ÚTVEGGIR:**
Útveggir eru steinsteyptir og einangraðir að innan með 100 mm plasteinangrun. Utan á einangrun eru veggir slétt múraðir.

**GLUGGAR OG HURÐIR:**
Gluggar og hurðir eru úr tré með tvöfalt einangrunargler. Sett verður björgunarop í allar íbúðir.

**UPPHITUN/LAGNIR:**
Upphitun hússins er með hitaveitu. Gólf verða söguð og fráveitulagnir fyrir ný rými tengjast inn á núverandi frárennslislagnir. Neyslu og hitalagnir tengjast við dreifilagnir sem liggja að rýminu frá inntaksrými.
Allar lagnir og lagnaleiðir skal hanna og leggja í samræmi við íslneska staðla og reglugerðir.

**INNVEGGIR:**
Léttir innveggir eru byggðir upp úr 70 mm timburgrind/blikkstoðum er klæðast með 2x13 mm gipsplötum á hvora hlið.Veggir á milli íbúða eru með 95mm grind.

**KlÆÐNINGAR, BRUNAVARNIR:**
Byggingin er í notkunarflokki 4.
Yfirborð gólfa eru í flokki G skv. ÍST EN 13501-1.
Þakklæðningar eru í flokki T skv. ÍST EN 13501-1.
Fram kemur á teikningum hvar reykskynjarar, slökkvitæki og björgunarop eru staðsett.

Reyklosun verður út um glugga og hurðir. Hvert gistiherbergi er sér brunahólf EI-60 og öll með björgunarop. Reykskynjarar skulu vera samtengdir milli íbúða.

**LOFTRÆSING:**
Í lokuðum rýmum komi vélræn loftræsing. Í öðrum rýmum er náttúruleg loftræsing.




Afstöðumynd

## Skýringar:

Gólfniðurföll skulu vera í þvottahúsi, baðherbergjum og bílageymslu.

| | |
|---|---|
| GN | Gólfniðurfall |
| ÞN | Þakniðurfall |
| BO | Björgunarop |
| LR | Loftræsing |
| SK | Duftslökkvitæki |
| R | Reykskynjari |
| ➡ | Rýmingarleið |
| 0101 | Rýmisnúmer fyrir skráningartöflu |

Öll mál eru í mm. Kótar eru í m.
Mál á afstöðumynd er í m.

Öll efni og vinna skal vera í samræmi við veiðeigandi ÍST staðla og reglugerðir um brunavarnir og hljóðvist.



Útlit

- Rautt er rýmið sem um ræðir Iðavellir 3D
- Rýmin sem eru merkt með heilum línum eru þau rými sem þegar hefur verið breytt í gistirými

| | | |
|---|---|---|
| 5 | | |
| 4 | | |
| 3 | | |
| 2 | | |
| Útgáfa: | | Dags. |

Gistiheimili

Iðavellir 3, 230 Reykjanesbæ

| | |
|---|---|
| Aðaluppdráttur | Hannað: GSS |
| Grunnmynd og byggingalýsing | Mkv: 1:100 |
| - | Stærð: A2 |
| | Dags: 3.4.2024 |

Undirskrift hönnuðar:

RISS
VERKFRÆÐISTOFA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbær / 421-3550 / www.riss.is

Teikning nr: A101

Útgáfa nr: 1

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI